

# Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

FF14 – 2019 tillaga stjórnar að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun.

## Áhugamannafélög

---

**1. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs – Vatnsveita í Breiðuvík.**

**Kr. 1.700.000,-** styrkur til að setja upp nýtt vatnsból við skála félagsins í Breiðuvík sem staðsettur er á göngusvæðinu Víknaslóðum á milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar. Afar mikilvægt er að ferðamenn hafi aðgang að hreinu neysluvatni, því mengað neysluvatn stefnir öryggi gesta staðarins í hættu.

*Verkefnið tengist öryggi og aðgengi að hreinu neysluvatni á veiku svæði.*

**2. Ferðafélag Íslands - Hornbjargsviti - bætt aðgengi, aukin náttúruvernd og öryggi ferðamanna.**

**Kr. 18.000.000,-** styrkur til að bæta öryggi ferðamanna og vernda náttúru með því að smíða vetrarklósett, lagfæra fallpípu að vatnsrafstöð, endursmíða fúinn og hættulegan stiga og togbraut og lagfæra gangráð vatnsvirkjunar og fá þannig stöðuga spennu og tíðni.

*Verkefnið mun bæta aðgengi og auka öryggi þeirra ferðamanna sem heimsækja þennan sérstaka og áhugaverða stað.*

**3. Hestamannafélagið Neisti A. Hún – Áning og aðstaða á krossgötum.**

**Kr. 1.779.350,-** styrkur til að koma upp áningastað á krossgötum við Vatnsdalshóla. Á þessum stað mætast reiðleiðir úr fjórum höfuðáttum.

*Ágætt innviðaverkefni á mikilvægri reiðleið sem tengist náttúruvernd og öryggi. Einungis er verið að styrkja hluta af viðkomandi verkefni.*

**4. Jöklarannsóknafélag Íslands - Salernisaðstaða í Esjufjöllum**

**Kr. 1.430.000,-** styrkur til að bæta salernisaðstöðu í skála Jöklarannsóknarfélagsins í Esjufjöllum. Stefnt er að 2 fermetra viðbyggingu á norðurgafli hússins, sem flutt yrði í einingum.

*Nauðsynlegt innviðaverkefni á viðkvæmu svæði.*

**5. Skógræktarfélag Reykjavíkur - Esjustígur - neðsti hluti.**

**Kr. 12.288.000,-** styrkur felst í viðgerðum og endurbótum á neðsta hluta Esjustígs, frá bílastæði neðan við Esjustofu að Þvergili. Einnig endurnýjun á göngubrú yfir Mógilsá. Á þessum hluta stígarins er mikið álag og er stígurinn orðinn verulega skemmdur og niðurgrafinn þannig að fallhætta stafar af ástandinu.

*Um er að ræða endurbætur á göngubrú og neðsta hluta Esjustígs, þar sem mikil umferð hefur valdið álagi á svæðið. Verkefnið er til þess fallið að bæta náttúruvernd og öryggi á vinsælum ferðamannastað.*

**6. Skógræktarfélag Reykjavíkur - Esjurætur neðan Gunnlaugsskarðs, hönnun og forvinna leiða.**

**Kr. 5.119.948,-** styrkur til að bæta aðgengi og öryggi á fjölsóttum ferðamannastað og stuðla að skipulagðri uppbyggingu á útivistarsvæði sem nýtist bæði Íslendingum og erlendum ferðamönnum.

*Um er að ræða endurbætur á stígakerfi á fjölförnum ferðamannastað, þar sem skapast hefur ákveðin hættu og álag vegna aukinnar umferðar. Verkefnið rímar vel við áherslur sjóðsins hvað varðar náttúruvernd og öryggi ferðamanna.*

**7. Raggagarður Súðavík, Fjölskyldugarður Vestfjarða - bílastæði, klæðning og upplýsingaskilti í Raggagarði.**

**Kr. 9.900.000,-** styrkur til að bæta öryggi ferðamanna, setja upplýsingaskilti, bæta við öryggismottum fyrir leiktæki, klára leiksvæðið og rekaviðarskóginn. Smíða öruggari aðstöðu fyrir stóru grillin á Boggutúni og laga girðingar milli garðs og bílastæðis.

*Áhugavert verkefni og bætir innviði. Styrkir barnvæna ferðamennsku.*

## Einstaklingar

---

**1. Finnur Ólafsson - Endursmíði Þverárgöngubrúar í Bjarnarfirði á Ströndum.**

**Kr. 1.255.000,-** styrkur til að endursmíða göngubrú yfir Þverá í Bjarnarfirði. Núverandi göngubrú er varla nothæf lengur og ekki talið óhætt að leyfa göngufólki að fara yfir hana.

*Endursmíði Þverárgöngubrúar í Bjarnarfirði rímar vel við áherslur sjóðsins. Hér er um að ræða bættu grunnþjónustu og varanlega lausn sem eykur aðdráttarafli svæðisins og öryggi ferðamanna.*

## Fyrirtæki

---

**1. Baggi ehf. - Pallar og stigar við Snædalsfoss.**

**Kr. 7.900.000,-** styrkur í deiliskipulag, hönnun og gerð palla og stiga við Snædalsfoss.

*Áhugavert verkefni þar sem verið er að bæta aðgengi til að geta tekið á móti auknum ferðamannastraumi.*

**2. Drangeyjarjarlinn ehf. - Áframhaldandi uppbygging á Reykjarhöfn**

**Kr. 17.998.000,-** styrkur til að byggja upp viðlegukant og ramp, dýpka höfnina og styrkja varnargarðinn. Auðveldar ferðafólki aðgengi að sjóbaði og bætir aðgengi viðbragðsaðila.

*Áhugaverður ferðamannastaður þar sem verið er að bæta úr öryggismálum.*

**3. Hveradalir ehf. - Stígagerð um hverasvæði í Hveradölum.**

**Kr. 29.872.000,-** styrkur til bæta stíga í viðkvæmri náttúru. Um er að ræða sjálfberandi göngustíga úr áli sem lágmarka snertipunkta við jörðina og hlífa þannig hinu viðkvæma hverasvæði við Skíðaskálann í Hveradölum.

*Hveradalir er áhugaverður staður. Um er að ræða innviðaverkefni sem tengist öryggi og náttúruvernd og mun auka aðgengi að svæðinu.*

**4. Icetrek ehf. - Hólaskjól Hálendismiðstöð.**

**Kr. 2.334.400,-** styrkur til að bæta öryggi með frekari stikun á gönguleið frá Sveinstindi í Skælinga og um Eldgjá í Hólaskjól. Eins verða útbúin skilti til að veita ferðamönnum gagnlegar upplýsingar.

*Áhugaverð gönguleið þar sem mikilvægt er að auka öryggi ferðamanna, bæta upplýsingagjöf til þeirra og koma í veg fyrir náttúruskemmdir.*

**5. Into the glacier ehf. - Bætt upplýsingagjöf til ferðamanna um öryggismál og varanleg salernisaðstaða á Geitlandi við rætur Langjökuls.**

**Kr. 24.000.000,-** styrkur í uppsetningu skilta sem miðla upplýsingum um svæðið, öryggi ferðamanna og umgengni við náttúruna. Einnig þarf að breyta núverandi salernum á svæðinu sem henta aðstæðum illa, auk þess sem langt er í næstu salernisaðstöðu. Verkefnið gerir því ráð fyrir forsmíðað þurrsalernishúsi verði sett upp á tilbúnum steypum undirstöðum auk þess sem gengið verður frá jarðvegi umhverfis hús.

*Einstakur ferðamannastaður þar sem nauðsynlegt er að bæta öryggi og innviði.*

**6. Jóreykir ehf. - Fyrsta hitaveitan í Evrópu.**

**Kr. 3.100.000,-** styrkur til að laga aðstöðu í og við hesthús og hverinn, mála og betrubæta umhverfið og aðkomuna með öryggi gesta í fyrirrúmi og að allar upplýsingar séu aðgengilegar.

*Verkefnið tengist náttúruvernd og öryggi og að bæta aðgengi á viðkvæmum ferðamannastað.*

**7. Sannir Landvættir - Laufskálavarða til fyrirmyndar.**

**Kr. 32.183.480,-** styrkur sem felst í uppbyggingu á öruggara og stærra bílastæði, betri göngustígum, uppfærslu á merkingum, víðtækum aðgerðum vegna náttúruspjalla og til verndar náttúru, innviðum fyrir sorphirðu og aðgengi að góðu neysluvatni.

*Áhugaverður staður þar sem ætlunin er að auka öryggi, bæta náttúruvernd og aðra innviði. Styrkur veittur með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.*

## Landeigandi/landeigendafélög

**1. Anna María Ragnarsdóttir - Ölduslóð: Gönguleið, fræðsluskilti, og útsýnispallur við Svínafellsjökul.**

**Kr. 9.898.800,-** styrkur til að útbúa gönguleið, hönnun útsýnispalls ásamt hönnun, gerð og uppsetningu samtals 7 upplýsinga- og fræðsluskilta, auk vegvísis. Markmiðið með

verkefninu er greiða aðgengi gangandi að rótum Svínafellsjökuls, bæta öryggi ferðafólks með því að vekja athygli á náttúruvá og auka fræðslugildi staðarins.

*Áhugavert og brýnt verkefni þar sem nauðsynlegt er að huga að öryggi ferðamanna með blöndu af fróðleik og upplýsingagjöf um hugsanlegt berghlaup og flóðbylgju á þessu svæði. Með því að stýra aðgengi má koma í veg fyrir náttúruspjöll.*

## **2. Atlastaðir sumarhúsafélag - Lendingaraðstaða í Fljótavík.**

**Kr. 4.500.000,-** styrkur til að bæta landingaraðstöðu fyrir ferðafólk í fjörunni í Fljótavík, steypa plötu og stoðvegg til að koma í veg fyrir að brimið velti bátum og skapi þannig hættu fyrir ferðafólk sem fer sjóleiðina til Fljótavíkur.

*Verkefnið felst í að fleyga í sundur steina í fjörunni, steypa plötu út í stórstraumsfjöruborð, steypa stoðvegg ofan á plötuna og endurgera stíg frá landingarstað að slysavarnarskýli. Verkefnið eykur öryggi ferðamanna á staðnum til muna og styrkir innviði.*

## **3. Guðjón Kristinsson - Kóngsvegur á Dröngum.**

**Kr. 4.229.660,-** styrkur til að lagfæra meira en 100 ára gamlan stíg úr torfi og grjóti sem liggur frá Drangabænum og í gegnum Drangaskörðin yfir í Drangavík. Stígurinn er orðinn illfær á köflum sem nauðsynlegt er að lagfæra.

*Verkefnið snýr að því að endurhlaða kafla af Kóngsvegi sem eru fallnir og illa farnir. Áformað er að lagfæra uppbyggðar hleðslur og kanta. Það felur í sér eflingu grunnþjónustu á veiku svæði og stuðlar að náttúruvernd og öryggi þar sem vistvæn byggingarefni eru nýtt.*

## **4. Jóna Björk Jónsdóttir f.h. landeigenda Mörtungu I og II - Aðkoma að Fagrafossi í Geirlandsá.**

**Kr. 6.260.000,-** styrkur til að afmarka bílstæði betur og leggja göngustíg úr mól frá bílastæðinu að útsýnispallinum. Seta þarf nýtt hlið á afréttargirðinguna sem fært er hreyfihömluðum og loka fyrir villuslóða sem liggja út frá göngustígnum. Auk þess sem laga þarf gróðurskemmdir. Færa þarf aðalstíginn fjær gljúfrinu og stefnt er að því að gera göngustíginn færan fólki í hjólastól með aðstoð.

*Verkefnið er mikilvægt vegna náttúruverndar og öryggis. Í samræmi við beiðni umsækjanda er lagt að mótframlag hans verði lækkað.*

## **5. Jökuldalur slf. - Stuðlagil, öryggi, náttúruvernd og bætt aðkoma.**

**Kr. 26.151.140,-** styrkur í deilihönnun, byggingahönnun og smíði á stigum og pöllum við Stuðlagil. Á þessu ári voru gerðir göngustígar í gilið og komið hefur í ljós að ferðamenn eru fleiri en gert var ráð fyrir og jarðvegur mjög illa farinn eftir þetta eina sumar. Stuðlagil stendur í 350 m h.y.s og jarðvegur grunnur og viðkvæmur. Nú þegar er jarðvegsrof sjáanlegt. Jafnframt er fólk að ganga mjög tæpt á klettabrún við Jökulsá og fallhætta mjög mikil. Tryggja þarf öryggi með því að setja palla.

*Stuðlagil er ört vaxandi ferðamannastaður og mun verkefnið stuðla að auknu öryggi ferðamanna og bættri umgengni á viðkvæmu svæði.*

**1. Akraneskaupstaður - Breiðin á Akranesi.**

**Kr. 35.000.000,-** styrkur til að leggja nýtt yfirborðsefni á svæðinu, sbr. grasstein, steinalögn, stakkstæði og torf. Jarðvegsskipta þarf að hluta svæðinu og hækka til samræmis við umhverfið.

*Verkefnið felur í sér framhald á því verkefni að gera Breiðina að fjölsóttum og góðum ferðamannastað. Staðurinn nýtur nálægðar við sterk náttúruöfl hafs og öldu og er með menningarsögulegt aðdráttarafl. Einungis er verið að styrkja hluta af viðkomandi verkefni.*

**2. Bolungarvíkurkaupstaður - Bygging útsýnispalls á Bolafjalli.**

**Kr. 27.000.000,-** styrkur til að deiliskipuleggja og hanna útsýnispall á Bolafjalli ásamt endurbótum á aðkomuvegi.

*Áhugavert verkefni sem mun bæta öryggi og aðgengi að einum af mikilfenglegustu útsýnistöðum á landinu. Einungis er verið að styrkja hluta af umbeðinni styrkupp hæð, þ.e vegna gerðar deiliskipulags, hönnunar og 1. áfanga aðkomuvegar.*

**3. Dalabyggð - Náttúrustígur á Klofningi.**

**Kr. 2.000.000,-** styrkur til að undirbúa og hanna náttúrustíg sem fellur vel að umhverfinu og bætir úr aðgengi.

*Verkefnið tengist öryggi og náttúruvernd. Bæta á aðgengi fyrir ferðamenn á veiku svæði.*

**4. Fljótsdalshérað - Laugavellir, Hafrahvammagljúfur og Magnahellir: Verndun náttúru og bætt öryggi gesta.**

**Kr. 12.013.680,-** styrkur til að laga göngustíg við gljúfrin að Magnahelli. Setja þarf drenlausnir, öryggisgrind á gljúfurbrún og haldfestu á bröttum kafla ofan í gljúfrið. Mól þarf í bílastæði við Hafrahvammagljúfur og einnig í veg niður að gljúfrinu. Þrír slagbrandar verða settir í veginn til að varna vatnsskemmdum. Afmarka þarf nýtt bílastæði fyrir minni bíla og rútur milli Laugavalla og Hafrahvammagljúfra og setja upp upplýsingaskilti.

*Verkefnið tengist náttúruvernd og öryggi á viðkvæmri gönguleið á hálendinu.*

**5. Garðabær - Búrfellsgjá - Úrbætur á gönguleið.**

**Kr. 7.400.000,-** styrkur til áframhaldandi aðgerða. Um er að ræða úrbætur á stíg að og um Búrfellsgíg. Grjóthreinsað verður undan stígnum og grjótið fellt að landinu. Að því loknu verður fyllt um 10-20 cm þykku lagi með 0-25 mm bögglabergi sem hefur sambærilega ásýnd og hraunið. Móta á stíginn með aðfluttri fyllingu og endurnýta allt efni og staðargróður. Setja á fallvarnir það sem það er nauðsynlegt, s.s. við sprungur. *Verkefni sem tengist náttúruvernd og öryggi.*

**6. Grundarfjarðarbær - Kirkjufell - öryggismál og merkingar.**

**Kr. 3.954.000-** styrkur til tryggja öryggi ferðafólks sem heimsækir svæðið og takmarka umferð óvanra á Kirkjufell. Hugmyndin er að móta áætlun um miðlun upplýsinga til ferðamanna, með það að markmiði að samræma skilaboð og koma upplýsingum til ferðafólks með skiltum og merkingum á svæðinu og í nágrenni. Gert er ráð fyrir einu stóru upplýsingaskilti og um 6-8 minni sértækari skiltum á nærliggjandi áfangastöðum. *Mikilvægt verkefni sem tengist öryggi á þessum vinsæla sjálfssprottna ferðamannastað. Ekki er um fulla umbeðna styrkupp hæð að ræða þar sem sjóðurinn styrkir ekki mótun miðlunaráætlunar né prentun bæklinga og dreifingu þeirra.*

**7. Hafnarfjarðarkaupstaður - Leiðarendi – deiliskipulag.**

**Kr. 3.750.000,-** styrkur til að vinna deiliskipulag fyrir Leiðarenda til að marka honum stefnu til framtíðar sem og til að tryggja að ekki verði frekari skemmdir á honum og við hann.

*Verkefnið varðar náttúruvernd og öryggi.*

**8. Hafnarfjarðarkaupstaður - Seltún - áframhaldandi uppbygging.**

**Kr. 12.000.000,-** styrkur til að bæta aðstöðu, þ.m.t. til útivistar á öllu svæðinu, þjónustu og gönguleiðir. Salernismál þarf sérstaklega að bæta, en stækkun á salernisaðstöðu hófst á árinu 2018. Fylgja þarf eftir þeirri áætlun sem fram kemur í staðfestu deiliskipulagi.

*Verkefnið tengist náttúruvernd og öryggi á vinsælum ferðamannastað í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.*

**9. Hrunamannahreppur - Hrunalaug, stígar og umhverfi.**

**Kr. 5.000.000,-** styrkur til að ráðast í næsta áfanga stígagerðar við Hrunalaug. Verkefnið felur í sér að laga stíg frá læk að bílastæði, jarðvegsskipta að hluta og hlaða hann upp í klettabelti á leiðinni. Lækur verður brúaður með steinastiklum skv. hönnun og sett upp upplýsingaskilti um staðinn, svæðið, umgengnisreglur og öryggi.

*Áframhald af nauðsynlegu verkefni sem tengist náttúruvernd og uppbyggingu innviða á sjálfsprottnum ferðamannastað.*

**10. Ísafjarðarbær - Þjónustuhús Skrúði.**

**Kr. 13.781.542,-** styrkur til að byggja þjónustuhús sem nýtist í senn til þess að þjónusta garðinn. Mikil áhersla hefur verið lögð á það í undirbúningsferlinu að húsið falli vel að umhverfinu og verði til sóma fyrir þennan elsta skrúðgarð landsins.

*Verkefnið mun bæta grunnþjónustu á einstökum ferðamannastað á veiku svæði.*

**11. Reykjanes Geopark - Aukið öryggi við Valahnúk.**

**Kr. 6.758.960,-** styrkur til að ljúka vinnu við hönnun stígakerfis, aðgerða til að takmarka umferð og loka aðgengi að Valahnúk sem og vegna frágangs á skemmdu landi.

*Verkefnið felur í sér varanlega lausn varðandi úrbætur í grunnþjónustu á þessum vinsæla og aðgengilega stað. Það stuðlar einnig að auknu öryggi ferðamanna og lagfærir landspjöll.*

**12. Seyðisfjarðarkaupstaður - Endurbætur og uppbygging á vinsælli gönguleið í Seyðisfirði - Austdalur- Skálanes.**

**Kr. 15.850.000,-** styrkur til bæta göngustígakerfi í Seyðisfirði sem er nýtt sem afþreying og upplifun fjölda gesta á svæðinu. Leiðirnar eru farnar að láta mikið á sjá og hafa troðist niður. Um er að ræða endurbætur á kerfi sem sett var upp af Gönguklúbbi Seyðisfjarðar.

*Innviðaverkefni sem tengist náttúruvernd. Einungis er verið að styrkja hluta af umbeðinni framkvæmd, þ.e. til að bæta gönguleiðina Austurdal-Skálanes, í samræmi við forgangsröðun heimamanna.*

**13. Skagabyggð - Kálfshamarsvík sem áfangastaður.**

**Kr. 13.000.000,-** styrkur til að bæta aðstöðu fyrir ferðafólk í Kálfshamarsvík. Verkefnið felur í sér að leggja göngustíga víða til að vernda landið, koma upp viðunandi bílastæði og salernisaðstöðu, leggja vatnslagnir að svæðinu og koma upp upplýsingaskiltum um sögu svæðisins. Einnig að bæta aðkomuna með því að lagfæra vegarslóða að svæðinu. *Verkefnið stuðlar að náttúruvernd og bættu öryggi ferðamanna. Svæðið er aðgengilegt en brýnt er að bæta úr skorti á grunnþjónustu og styrkja ferðaþjónustu á veiku svæði allan ársins hring í samræmi við skipulag svæðisins. Styrkur veittur með fyrirvara um samþykkt dsk.*

**14. Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Útivistarleiðir í Þjórsárdal.**

**Kr. 6.000.000,-** styrkur til að hanna og þróa net ferðaleiða um Þjórsárdal og til að stika/merkja útivistarstíga í dalnum. Efla þannig öryggi og draga úr álagi vegna ferðamennsku á viðkvæmum svæðum. Einnig til að gera fornar þjóðleiðir aðgengilegar sem göngu- hjóla, reiðleiðir og stuðla að varðveislu menningarminja.

*Gott, alhliða verkefni sem hefur breiða skírskotun varðandi áherslur sjóðsins, sérstaklega hvað varðar náttúruvernd og aukið öryggi ferðamanna.*

**15. Sveitarfélagið Ölfus – Arnarker.**

**Kr. 10.891.540,-** styrkur til þess að lagfæra stíginn frá bílastæði að hellinum en hann er orðinn að drullusvaði, setja leiðarsnúrur og ný skilti við stíginn og hellismunnann og setja nýjan stiga niður í hellinn.

*Mikilvægt að vernda náttúru og auka öryggi ferðamanna á þessum stað. Verkefnið eykur virkni og aðdráttarafl þessa vinsæla og aðgengilega ferðamannastaðar.*

**16. Sveitarfélagið Ölfus - Reykjadalur 2019. Unnið að 7. áfanga í endurbótum á dalnum.**

**Kr. 31.750.500,-** styrkur til að bæta malarstíga, bæta við trépöllum og aðstöðu við heita lækinn fyrir gesti. Einnig til að bæta við merkingum með upplýsingum um hættur á staðnum og til að afmarka þau svæði sem ekki skal fara inn á. Jafnframt til gerðar nýrrar brúar yfir Hengladalaá, við upphaf ferðar inn í dalinn.

*Verkefnið snýst um áframhald innviðaupbyggingar á vinsælum og aðgengilegum ferðamannastað. Brýnt er að bæta virkni hans og aðdráttarafl og verkefnið vegur þungt hvað varðar náttúruvernd og öryggi ferðamanna. Svæðið er á landsáætlun en samkvæmt upplýsingum frá Umhverfissráðuneytinu verða ekki gerðir samningar um uppbyggingar innviða á árinu 2019. Stjórnin leggur til að verkefnið verði styrkt, en það felur í sér brýnar aðgerðar þar sem þörf er á skjótum úrlausnum í þágu almannahagsmuna vegna mikillar aðsóknar ferðamanna á viðkvæmu svæði sem áformað er að friðlýsa.*

**17. Vestmannaeyjabær - Aðgengi við lundaskoðun í Vestmannaeyjum.**

**Kr. 8.000.000,-** styrkur til að fara í rótækar endurbætur á aðgengi að lundaskoðunarpalli á Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Stígurinn er ónýtur og hættulegur og þarf að endurnýja auk þess sem endurnýja þarf bílastæðið.

*Verkefnið felur í sér varanlega bót á grunnþjónustu á vinsælum og aðgengilegum ferðamannastað og stuðlar að náttúruvernd og eykur öryggi ferðamanna.*

**18. Vestmannaeyjabær - Göngustígur á og við Eldfell.**

**Kr. 4.000.000,-** styrkur til að betrubæta göngustíga á fjallinu og í nágrenni þess.

*Staðurinn er vinsæll ferðamannastaður og aðgengilegur allt árið. Verkefnið mun bæta bæði virkni gönguleiðarinnar og aðdráttarafl staðarins. Það mun einnig stuðla að náttúruvernd og auka öryggi ferðamanna.*

**19. Vesturbyggð - Umhverfi og aðstaða sundlaugar Krossholtum.**

**Kr. 8.000.000,-** styrkur til að laga umhverfi sundlaugarinnar með hellulögn og smíði trépalla, þar sem lagðar verða náttúruhellur í kringum laugina og að hlöðnum potti sem er fyrir neðan sundlaugina ásamt því að útbúa merkingar og laga aðkomu að sundlauginni.

*Verkefnið felur í sér varanlega lausn á grunnþjónustu á veiku svæði, bætir mjög virkni staðarins og eykur aðdráttarafl.*

**20. Þingeyjarsveit - Endurbætur á umhverfi Goðafoss, lokaáfangi.**

**Kr. 58.750.000,-** styrkur til klára endurbætur á umhverfi Goðafoss og bæta aðgengi og öryggi ferðamanna á svæðinu. Verkefnið er að mestu búið austan Skjálfandafljóts og langt komið vestan fljótsins. Eftir er að malbika bílastæði, setja hellur á göngusvæði, göngustígar eru búnir að hluta og endanleg snyrting svæðisins er eftir.

*Um er að ræða lokaáfangi í uppbyggingu á svæðinu, sem hefur verið markviss og samkvæmt áætlun undanfarin ár. Verkefnið stuðlar að náttúruvernd og auknu öryggi ferðamanna á mjög vinsælu svæði. Að ósk umsækjanda er lagt til að mótframlag hans verði lækkað vegna verkefnisins.*